

## Aðalfundur Jeppavina 2.febrúar 2011 haldinn að loknu Þorablóti í Múlakaffi

30 manns er mættir og Ingi formaður setur fundinn

- Baddi ákveðinn fundarstjóri, Ingimundur ákveðinn ritari
- Nýir félagar kynntir fyrir þeim sem gátu séð þá
- Ingi fer yfir síðasta starfsár og tiplar á eftirfarandi þáttum sem ræddir eru jafnóðum
- Jeppavinir tóku fjárhagslega þátt í Sprunguverkefninu
- Jeppavinir eru stofnfélagar og þátttakendur í Ferðafrelsi og Ómar er okkar fulltrúi þar. Fyrirtæki geta tekið þátt í þessu og er hvatt til þess. Bent á [www.ferðafrelsi.is](http://www.ferðafrelsi.is)
- Ingi spyr hvort áhugi sé fyrir því að reka áfram rás Jeppavina. Notkun rásarinnar kynnt og ákveðið að halda notkun hennar áfram.
- Stjórnin hefur að undanfögnu verið að hittast mánaðarlega til að sinna sínum störfum
- Doddi tekur að sér að koma á skyndihjálparnámskeiði fyrir vorið
- Gylfi tekur að sér að halda sprungunámskeið
- Komin er á niðurfelling á vörugjöldum á bílum upp að 9 farþegum að því gefnu að á bílnum sé hópferðaleyfi og hann sé notaður eingöngu í ferðapjónustu. Reynir tekur að sér að láta reyna á það á hvaða verði t.d. ný Toyota kæmi miðað við þessar breytingar.
- Ingi er í SAF fyrir hönd Jeppavina. Hann gerir ekki kröfu um það en Amazing Tour, Fjallajeppar, Iceland on Track, Bjarni Hjálmtýss og Hvolsvellingar ætla að leggja fram greiðslur til að greiða þáttöku Boreal í SAF
- Ingi steypir tóma þvælu um loftnet sem engin móttekur
- Baddi aðstoðar félagið við að hýsa síðuna [www.jeppavinir.is](http://www.jeppavinir.is). Georg sér um að klára málið
- Ingimundur kynnir bréf sem skrifað hefur verið í þeim tilgangi að komast að því hvaða ábyrgð fylgi því að keyra fram hjá mismunandi lokunarskiltum Elín. ([elinbragnars@gmail.com](mailto:elinbragnars@gmail.com)) býðst til að aðstoða við að koma bréfinu út.
- Merkingar á kerrum. Ingimundur leggur til að félagsmenn merki kerrur sínar með merkingum sem útbúnar yrðu sameiginlega og beindust gegn utanvegaakstri. Tillagan samþykkt og Ingimundur tekur málið að sér.
- Nefnd um slóðamál. Búið er að vinna töluvert í málinu og í nefndinni eru Ingi, Doddi og Tryggvi Már. Þeir sem bjóða sig fram í nefndina til viðbótar eru: Helgi Brjótur, Halli Grétars, Óskar hjá icelandadventure.is. Slóðamál talin ein af mikilvægustu málum félagsins
- Hákon Bj er að semja bréf til Bláskógabyggðar varðandi Gjábackavegin gamla þeas að fá að nota hann t.d. 8 mánuði á ári.
- Óskar Hvolsvellingur tekur að sér að semja bréf til Ísólf Gylfa varðandi Fimmvörðuháls. Bréfið á að vera sent af Jeppavinum. Ingimundur er fulltrúi Jeppavina í þessu máli og sendir út bréfið. Tilgangurinn er að fá svar við því hvort raunverulega megi búast við lausn málsins eða hvort málið er enn í sama farvegi og það hefur verið í mörg ár.
- Ingi talar um mikilvægi búnaðarlista. Doddi tekur að sér að útbúa þennan lista í samvinnu við Magga Skóg
- Leiðrétta þarf skráningu stjórnar hjá Fyrirtækjaskrá. Ingi og Ingimundur klára það mál
- Rætt um Eyjafjallajökul og Gígjökul. Staðan túlkuð þannig að það teljist utanvegaakstur að keyra inn að Gígjökli. Ákveðið að óska eftir því að stikaður slóði verði gerður inn að Gígjökli. Óskar Hvolsvellingur skrifar erindisbréf um þetta.
- Frakkastígur virðist vera endanlega lokaður. Greiða þarf reikning vegna viðgerðar á veginum og lagt til að Landsnet greiði reikninginn. Ingi tekur að sér að tala um þetta við Landsnet. Félagið greiði reikninginn ef ekki tekst betur til. Linda ku hafa ætlað að safna saman fé í verkið.
- Hákon er staðgengill Óla gjaldkera á þessum fundi og gefur stutta skýrslu
  - 42 félagar eru í félaginu eftir þennan aðalfund (þeir sem eru búnir að borga)
  - 208.000kr eru til í sjóði auk kr 10.500 sem standa inni á sprunguverkefnisreikning

- Lagt til að Óli gjaldkeri sendi félagsmönnum skýrslu sýna og hún teljist samþykkt ef engin gerir athugasemd innan 1 viku.
- Ingi kosinn áfram sem formaður, Óli kosinn inn í stjórn aftur og lagt til að hann verði áfram sem gjaldkeri.
- Eftirfarandi aðilar taka að sér leyfismál: Anton, Krisján (Mountain Taxi, með fyrirvara að hann komi í félagið), Hlynur og Jón Kristinn. Anton fer fyrir hópnum. Sérstakur ráðgjafi og ritari nefndarinnar er Elín B Ragnarss
- Sigurður Bjarni II Hvolsvellingur kosinn í stjórn í stað Bjarna Hjálmtýssonar sem hættir.
- Í stjórn 2011-2012 eru því Ingi, Óli, Ingimundur, Halli Grétars, Sigurður Bjarni II, Georg, Doddi. Meðstjórnendur eru Anton og Hákon
- Rætt um nýja féлага og samþykkt að sem flestir tali um fyrir félaginu til að afla fleiri góðra féлага því til styrktar
- Rætt um ökuritamál og hugsanlegt að það frestist um eitt ár
- Innganga í Evrópusambandið gæti þýtt að jeppar verði ekki leyfðir
- Hlynur ræðir um vsk á fólksflutninga. Stærri rútufyrirtæki hafa verið að þrýsta á að fá 7% vsk á fólksflutninga til að fá að innskatta 25,5% skattinn að fullu. Rætt um að það þurfi að sinna þessu vsk máli fyrir hönd Jeppavina en engin finnst til verksins
- Fundi slitið